Vor 2021 tbl 1

Fréttabréf félagsliða

„Slæmur málstaður þarfnast margra orða“

FÉLAG ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

Dagbók 2021 er komin út!

Félagið hefur sent út nýja dagbók fyrir árið 2021 til allra virka félagmanna okkar. Bókin er sérhönnuð fyrir tímaskráningu og því mjög hentug til að skrá alla vinnutíma hjá sér. Einnig er þar að finna margskonar fróðleik.

Kynningarbæklingur hefur verið gefin út

Á haustdögum 2020 fór félagið í vinnustaðakynningar og dreifði vítt og breitt um landið kynningabækling um félagsliðanámið.

Með þessu vonast félagið eftir aukningu í námið.

.....

Pistill formanns

Kæru félagsliðar, nú fer sól hækkandi og sumarið handan við hornið.

Félagsliðar starfa í fjölbreytum störfum og mikil þörf fyrir okkur á þeim vinnustöðum sem félagsliðar starfa á. Mikil aðsókn er í félagsliðan og er Borgarholtsskóli og Menntaskólinn á Egilsstöðum að útskrifa fjöldan af öflugum félagsliðum sem eru tilbúnir að koma og veita þá þjónustu sem þjónustunotendur okkar þurfa á að halda.

Störf félagsliða skipta gríðalega miklu máli inn á dvalar- og hjúkrunarheimili landsins. Félagsliðar búa yfir þekkingu til að greina af innsæi mismunandi aðstæður fólks og geta metið á faglegan hátt hvenær þörf er á aðstoð, til að ýta undir frumkvæði og sjálfstæði hjá einstaklingum. Félagsliðar skilgreina ekki öldrun sem sjúkdóm heldur er öldrun eitt af því æviskeiði sem flestir ganga í gegnum

Félagsliðar vinna náið með öðrum fagstéttum og einbeita sér að teymisvinnu.

Löggilding félagsliða

Félagið óskaði eftir löggildingu þann 2 september 2020.

Heilbrigðisráðuneytið sendi umsókn félagsins *til Embætti landlæknis og óskaði eftir umsögn um umsókn löggildingu félagsins. Embætti landlæknis skilaði umsögn sinni þann 24.nóvember 2020.*

Embætti landlæknis lýsir því að ekki sé nauðsynlegt að löggilda félagsliða ef höfð er hliðsjón af öryggi og hagmunum sjúklinga. Vísar í að æskilegt væri að til yrði sameiginleg stétt, sjúkra og félagsliða líkt og er nú í Danmörku. Slík stétt væri gangleg fyrir bæði heilbrigðis- og félagslega þjónustu og ekki síst í fámennu landi eins og Íslandi þar sem stétt með breiðan menntagrunn getur sinnt fjölbreyttari þjónustu en aðrar með þrengri grunn. Embætti landlæknis gefur það út að félagsliðar séu stétt sem sinni frekar félagslegri þjónustu en heilbrigðisþjónustu.

Félagið sendir inn athugasemdabréf þann 15.desember 2020.

hafnar þeirri tillögu embættisins að félagsliðar sinna eingöngu félagslegri þjónustu en heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisráðuneytið hefur lagt mikla áherslur að auka geðheilbrigðisþjónustu í landinu og þar kemur sérþekking félagsliða inn. Félagsliðar eru lykilstarfsmenn í geðheilbrigði. Félagsliðar starfa meðal annars á réttargeðdeild og barna- og unglingargeðdeild landspítalans.

Endanlegi úrskurður kom frá ráðuneytinu þann 10.febrúar sl. að Umsókn Félag íslenskra félagsliða um löggildingu er synjað og vísar í umsögn frá embætti landlæknis.

Félagið er mjög ósátt með niðurstöðu úrskurðar frá ráðuneytinu. Félagið er ekki hætt og mun leita leiða með lögverndun á starfsheitinu „félagsliði“.

Stærsta baráttumál félagsins er að fá lögverndun/löggildingu á starfsheitið **„félagsliði“**

……

Aðalfundur
Félag íslenskra félagsliða

Þriðjudaginn 20.apríl 2021 verður aðalfundur Félags íslenskra félagsliða haldinn á fjarfundi. Fundurinn byrjar kl 18:00

Aðalfundur – Fundarefni:

1. *Kosning fundarstjóra og fundarritara*
2. *Skýrsla formanns*
3. *Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga*
4. *Ákvörðun um árgjald*
5. *Lagabreytingar*
6. *Kosning stjórnar*
7. *Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram*
8. *Önnur mál*

Aðalfundurinn verður fjarfundaður og verða félagsmenn að skrá sig á fundinn inná þessari slóð https://forms.gle/U2ArcPehNgfMXQTW7

Við hvetjum auðvitað alla félagsmenn að mæta á aðalfundinn og sýna samstöðu.

Stjórn Félag íslenskra félagsliða

Vörur

Stór hluti af fjárveitingu félagsins kemur frá sölu af varningi. Það skiptir miklu máli að félagsliðar séu vel merktir í samfélaginu okkar og geri okkur sýnilegri.

Þinn stuðningur skiptir okkur gríðarlega miklu máli!

- Félagsnælan – 3.000,-
- Taupoki – 2.000,-
- Bolir – 2.500,-
- Lyklakippa – 1.000,-
- Penni – 1.000,-
- Hálsband – 1.500,-

Hægt er að panta vörurnar með því að senda okkur póst á facebooksíðu okkar https://www.facebook.com/felagslidar eða á netfangið okkar felagslidar@felagslidar.is

.....

ORLOFSVEFURINN

Stéttafélögin eru flest öll með orlofsvefinn aðgengilegan inná heimasíðu hjá sér. FÍF skorar á félagsmenn okkar að nýta sér orlofsvefinn hjá stéttafélögum sínum til að sækja um það sem er í boði hjá þeim.

https://asa.is/ - https://www.baran.is/ - https://efling.is/ - https://www.ein.is/ - https://foss.bsrb.is/ http://www.framsyn.is/ - http://www.hlif.is/ - https://www.kjolur.is/ - https://www.sameyki.is/ http://stettvest.is/ - https://www.stettarfelag.is/ - http://www.vsfk.is/ - https://verks.is/ https://verkvest.is/ - http://www.vlfs.is/ - https://fosa2018.wixsite.com/website-2 - https://www.fosvest.is/ - https://sds.is/ - https://www.stol.is/ - https://www.staffelag.com/ - https://www.stag.is/ - https://stkop.is/ - http://www.stamos.is/ - https://www.stfs.is/ - http://www.stavey.is/ - http://www.drifandi.is/ - http://www.samstada.is/ - https://www.vlfa.is/ - http://www.vlfgrv.is/ -

.....

Námskeið fyrir félagsliða

Framvegis hefur boðið félagsliðum að skrá sig á námskeið hjá sér sem sjúkraliðafélagið hefur verið að búa til. Þau námskeið eru mjög gagnleg og góð endurmenntun fyrir félagsliða. Endurmenntun skiptir gríðarlega miklu máli svo félagsliðar staðni ekki í starfi. Félagið mælir eindregið með að félagsliðar skrái sig á námskeið eins og þessi.

Geðrofssjúkdómar – Frestað til hausts 2021

Á námskeiðinu verður farið yfir hvað geðrof er, einkenni, orskair, meðferð og horfur. Geðrof getur verið tímabundið ástand af ýmsum völdum, t.d neyslu vímuefna, en einnig endurtekið og/eða langvarandi ástand, þá sem hluti af alvarlegum geðsjúkdómi. Geðrof hefur áhrif á atferli, hvernig einstaklingurinn skynjar umhverfi sitt og hvernig hann hugsar. Farið verður yfir meðferð og meðferaúrræði sem bjóast í dag

Einnig er boðið uppá fjarnám https://www.framvegis.is/is/nam/gedrofssjukdomar-fjar

Leiðbeinandi: Ísafold Helgadóttir, geðlæknir

Tími: 10 og 11. Mars
Kl: 17:00 – 21:00
Lengd: 10 stundir/punktar
Verð: 27.500 kr.
Hægt er að skrá sig hérna https://www.framvegis.is/is/nam/gedrofssjukdomar

.....

Samskipti við þjónustunotendur: samtalstækni og virk hlustun

Það er ekki hægt að vera góður í samskiptum án samtalsfærni. Á námskeiðinu er farið í nokkur atriði sem liggja til grundvallar samtalsfærni eins og virka hlustun, spurningartækni, mismunandi tegundir af samkennd, að lesa í líkamtjáningu og raddblæ o.fl. Þátttakendur taka þátt í hagnýtum æfingum þar sem þeir tileinka sér aukna samtalsfærni

Einnig er boðið uppá fjarnám https://www.framvegis.is/is/nam/samskipti-vid-sjuklinga-f

Leiðbenandi: Ingrid Kuhlman (MSc) sálfræðingur.

Tími: 15. og 16 mars
Kl: 17:00 – 21:00
Lengd: 10 stundir/punktar
Verð: 27.500 kr.
Hægt er að skrá sig hérna https://www.framvegis.is/is/nam/samskipti-vid-sjuklinga

.....

Að gæta vel að sjálfum sér: viðhald starfsgleði og starfsgetu í álagsstörfum

Á þessu námskeiði gefast þátttakendum færi á að fræðast um rannsóknir varðandi líðan starfsfólk í heilbrigðisstörfum og velta fyrir sér tengslum á milli velferðar starfsfólks, öryggis og gæða í þjónustu. Skoðaðar verða leiðir sem leiðir sem geta hjálpað þátttakendum að viðhalad eigin góðri líðan – t.d einstaklingsígrundun og jafningjastuðning- og einnig hvernig má vinna með erfiða reynslu úr starfi. Hluti af námskeiðinu er í formi samtals og þátttakendur frá þannig tækifæri til að deila og læra af reynslu annarra í því skyn að hugsa um og velta fyrir sérþví sem þeim gagnast best til að gæta vel að eigin líðan.

Leiðbenandi: Hulda Dóra Styrmisdóttir, starfar við starfsmannastuðning á landspítalan.

Tími: 17. mars
Kl: 17:00 – 22:00
Lengd: 6 stundir/punktar
Verð: 16.000 kr.
Hægt er að skrá sig hérna https://www.framvegis.is/is/nam/ad-gaeta-vel-ad-sjalfum-ser-vidhald-starfsgledi-og-starfsgetu-i-alagsstorfu

.....

Mis- og ofnotkun geðlyfja og ópíóíða

Á námskeiðinu verður farið í helstu lyfjaflokka sem eru misnotaðir og ofnotaðir hérlendis. Má þar nefna sterk verkjalyf (ópíóiða) og geðlyf eins og róandi lyf og svefnlyf, örvandi lyf og þunglyndislyf. Einnig verður farið lauslega í þá kvilla sem þessi lyf eru notuð við. Leitað verður skýringa á því af hverju ísleningar nota þessi lyf í mun meira mæli en nágrannaþjóðirnar og farið í mögulegarúrbætur hvað þetta varðar.

Einnig er boðið uppá fjarnám https://www.framvegis.is/is/nam/mis-og-ofnotkun-gedlyfja-og-opioida-f

Leiðbenandi: Bryndís Þóra Þórsdóttir lyfjafræðingur

Tími: 22. og 24 mars

Kl: 17:00 – 21:00

Lengd: 10 stundir/punktar

Verð: 27.500 kr.

Hægt er að skrá sig hérna https://www.framvegis.is/is/nam/mis-og-ofnotkun-gedlyfja-og-opioida

.....

Klínískar leiðbeiningar um næringu aldraðra

Námskeiðið felur í sér ítarlega yfirferð yfir „klínískar leiðbeiningar um næringu aldraða“ og ráðlegginga rum mataræði fyrir hrumt eða veikt eldra fólk“. Farið verður yfir miklvæfa þætti til þess að sporna við vannæringu(forvarnir) við klínískar aðstæður, auk alvarlegra afleiðingar vannæringar. Sérstaklega verður farið yfir skimun fyrir áhættu á vannæginu (mat á næringarástandi). Veitt verður innsýn í áherslur í fæði sjúklingahópa, áferð fæðis, mötunaraðferðir, umhverfi og aðrar mikilvæga þætti. Námskeiðið mun einnig fera í sér æfingar byggðar á sjúklingatilfellum.

Einnig er boðið uppá fjarnám https://www.framvegis.is/is/nam/kliniskar-leidbeiningar-um-naeringu-aldradraf

Leiðbenandi: Berglind Soffía Blöndal, Klínískur næringarfræðingur og doktorsnemi í næringarfræði, sérhæfing: Næring aldraðar og Vilborg Kolbrún Vilmundarfóttir næringarfræðingar(MSc) og doktorsnemi í næringarfræði

Tími: 26,. 27,. 28. og 29 apríl

Kl: 17:00 – 21:00

Lengd: 20 stundir/punktar

Verð: 50.000 kr.

Hægt er að skrá sig hérna https://www.framvegis.is/is/nam/kliniskar-leidbeiningar-um-naeringu-aldradra

.....